



Norræna  
ráðherranefndin

# Öruggari, grænni og frjálsari Norðurlönd

Formennskuáætlun Svíþjóðar í

Norrænu ráðherranefndinni 2024



# Efnisyfirlit

<b>Öruggari, grænni og frjálsari Norðurlönd</b>	3
<b>Inngangur</b>	5
<b>Samþætt Norðurlönd án stjórnarsýsluhindrana</b>	6
<b>Græn Norðurlönd</b>	8
<b>Samkeppnishæf Norðurlönd</b>	11
<b>Félagslega sjálfbær Norðurlönd</b>	14
Um ritið	19

Þetta rit er einnig fáanlegt á netinu í vefaðgengilegri útgáfu:

<https://pub.norden.org/politiknord2023-732>

# Öruggari, grænni og frjálsari Norðurlönd

## Ávarp forsætisráðherra og samstarfsráðherra

Grimmdarleg og ólögleg árás Rússlands í Úkraínu hefur í för með sér að staða öryggismála á Norðurlöndum og í Evrópu er nú alvarlegri en hún hefur verið um langa hríð. Samstarf okkar og sameiginlegar varnir okkar fyrir lýðræði og rétti allra til að lifa við frið og frelsi eru mikilvægari en nokkru sinni fyrr.

Löndin okkar deila sömu grundvallargildum, traustri lýðræðishefð og eiga sameiginlega sögu. Á grundvelli þessa höfum við þróað leiðir ekki aðeins til að geta mætt í sameiningu kreppu í öryggismálum og áskorunum heldur líka til að geta fylkt okkur um málefni á borð við loftslags- og umhverfismál, orkumál, baráttu gegn glæpastarfsemi, almannavarnir og margt annað. Svíþjóð tekur nú við formenskunni með þá sannfæringu að náíð norrænt samstarf sé grundvallaratriði fyrir sameiginlega velferð og viðnámsþrótt landanna okkar. Það er með samstöðu sem við verðum sterkari og tryggari.

Framtíðarsýnin um að Norðurlönd verði samþættasta og sjálfbærasta svæði í heimi árið 2030 mun verða leiðarstef fyrir sænsku formenskuna í Norrænu ráðherranefndinni. Við munum halda áfram að stuðla að því að Norðurlönd verði leiðandi í hinum grænu umskiptum og verði alþjóðlega samkeppnishæft og félagslega sjálfbært svæði í samræmi við þau stefnumarkandi forgangsatríði sem við höfum sameinast um.

Norræna samstarfið er vaxtardrífandi. Við erum á margan hátt eitt samkeppnishæfasta svæði heims. Staðreyndin er sú að sameinuð eru Norðurlönd tólfta stærsta hagkerfi heims og gætu átt aðild að G20. Innan okkar vébanda eru leiðandi fyrirtæki á heimsvísu á sviði iðnaðar, grænnar tækni, hreyfanleika, stafrænnar væðingar og rannsókna og þróunar. Við getum verið stolt af mörgu. En um leið er efnahagsstyrkur okkar ekki náttúrulögmál. Við verðum að halda áfram að auðvelda fyrirtækjum og fólki að geta starfað þvert á landamæri.

Undir formensku Svíþjóðar munum við skoða sérstaklega aðgerðir til aukins hreyfanleika yfir landamæri og samþættingu. Þessu tengt munum við vekja athygli á því að sameiginlegur norrænn vinnumarkaður hefur síðustu 70 árin

þjónað löndunum okkar vel og átt þátt í sameiginlegri velferð okkar.

Á árinu mun Svíþjóð einnig leiða óformlegt norrænt og norrænt-baltneskt samstarfi á sviði utanríkis- og öryggismála. Innan ramma þess munum við halda áfram að veita Úkraínu traustan stuðning og mun frelsisbaráttan þar halda áfram að vera forgangsatríði. Sem frjáls lýðræðisríki er það skylda okkar að styðja þau ríki sem berjast fyrir sama rétti, sem á endanum snýst um að verja rétt okkar sjálfra.

**Við hlökkum til samstarfsins á árinu 2024!**



Forsætisráðherra, Ulf Kristersson og samstarfsráðherra, Jessika Roswall.



# Inngangur


Framtíðarsýnin í starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar er að Norðurlönd skuli vera sjálfbærasta og samþættasta svæði í heimi árið 2030. Á formennskuárinu mun ný framkvæmdaáætlun fyrir 2025-2030 verða tekin upp á grundvelli samstarfsáætlana sem ráðherranefndir viðkomandi málaflokka munu samþykkja. Undir formennsku Svíþjóðar verður áhersla lögð á að framkvæmdaáætlunin vísi ráðherranefndinni veginn um hvernig nota skuli markmiðasetningar og forgangsröðun, skilvirkar starfsaðferðir og aðgerðir sem hafa skýrt norrænt notagildi svo að framtíðarsýnin verði að veruleika.

Formennska Svíþjóðar mun beita sér fyrir því að starfsemi ráðherranefndarinnar taki framvegis sem endranær tillit til þverlægra sjónarmiða um sjálfbæra þróun, jafnrétti, réttindi barna og sjónarmið ungs fólks. Þá mun formennskuríkið Svíþjóð einnig halda áfram að efla samstarf við borgarasamfélagið sem spilar lykilhlutverk í hinu norræna samstarfi.





# Samþætt Norðurlönd án stjórnsýsluhindrana



Það þarf að vera einfalt að búa, stunda nám og vinnu og reka fyrirtæki alls staðar á Norðurlöndum og þvert á landamærin.

Það þarf að vera einfalt að búa, stunda nám og vinnu og reka fyrirtæki alls staðar á Norðurlöndum og þvert á landamærin. Norrænn vinnumarkaður er á margan hátt velsamþættur og vandræðalaust er fyrir marga að sækja vinnu yfir landamæri. Engu að síður liggja Norðurlönd undir evrópsku meðaltali hvað varðar fjölda fólks sem sækir vinnu yfir landamæri. Ef við eigum í sameiningu að ná markmiðum okkar og nýta þá möguleika sem felast í fullkomlega samþættu svæði, þurfum við að auka taktinn í vinnunni við að hrinda stjórnsýsluhindrunum úr vegi, ekki síst í ljósi þeirra áskorana sem heimsfaraldurinn olli og afleiðinga hans.

**Á árinu 2024 mun formennskan því fylgja þessu eftir í viðkomandi ráðherranefndum og í Stjórnsýsluhindranaráðinu. Umboð Stjórnsýsluhindranaráðsins rennur út á árinu og þegar gengið hefur verið frá nýju umboði**

mun formennskan eiga frumkvæði að því að gera starf þess skilvirkara og efla samstarf þess við viðkomandi hagsmunaaðila, m.a. með skýrari tengingu við Norrænu ráðherranefndina og ríkisstjórnir landanna.

Yfirvöld á Norðurlöndum verða jafnframt hvött til að huga að lausnum á öllum þeim sviðum sem greiða fyrir samþættingu Norðurlanda. Setja þarf í forgang þau málefni sem skipta miklu fyrir möguleika einstaklinga til að lifa og starfa án hindrana vegna landamæra, t.d. möguleika á að eiga stafræn samskipti við yfirlönd í öðrum löndum en búsetulandinu. Í því skyni að auðvelda ákvarðanatöku mun formennskan leggja áherslu á að unnin verði talnagögn er varða byggðamáli við landamæri.

Samþætt Norðurlönd, þar sem auðvelt er að búa, vinna og sækja menntun yfir landamæri, var meginstefna þegar samkomulagið um sameiginlegan norrænan vinnumarkað var undirritað hinn 22. maí 1954. Á formennskuári Svía verður **70 ára sögu sameiginlegs norræns vinnumarkaðar** minnst. Áhersla verður lögð á það sem sameiginlegur vinnumarkaður hefur skilað Norðurlöndum, en ekki síður allt það sem þróa þarf frekar til að tryggja aukinn hreyfanleika vinnuafis yfir landamæri og til að takast á við sameiginlegar áskoranir eins og hæfnisskort og hæfnissamsvörun.

Hlutverk opinberra vinnumiðlana á hinum sameiginlega vinnumarkaði hefur breyst. Þar sem nú er unnið að **umbótum opinberra vinnumiðlana** í nokkrum norrænu landanna og vegna þess að **stafræn þróun hefur í för með sér nýjar leiðir til miðlunar** verður einnig lögð áhersla á að skiptast á upplýsingum um reynsluna af umbótastarfi og mögulegu samstarfi í breyttu skipulagi, einkum varðandi málefni sem tengjast framboði á hæfu vinnuafli.



# Græn Norðurlönd



Norðurlönd verða áfram fyrirmynd í samkeppnishæfri og nýsköpunardrifinni umbreytingu bæði heima og með því að kynna norrænar grænar lausnir um allan heim.

Loftslagsbreytingarnar eru ein af stærstu áskorunum okkar tíma, en umskiptin yfir í kolefnishlutlaust hringrásarhagkerfi skapa einnig tækifæri ef við stjórnnum og nýtum náttúruauðlindir okkar vel. **Norðurlönd verða áfram fyrirmynd í samkeppnishæfri og nýsköpunardrifinni umbreytingu bæði heima og með því að kynna norrænar grænar lausnir um allan heim.** Samstarf og miðlun reynslu innan norræns atvinnulífs, á staðbundnum og innlendum vettvangi um aðferðir og tæki, geta stutt aðgerðir til að draga úr losun og við framkvæmd loftslagsráðstafana og jafnframt eftt sameiginlega samkeppnishæfi okkar.

Loftslags- og umhverfismál eru alþjóðleg málefni og því eiga Norðurlönd að **halda áfram að tala sterkri og skýrri röddu fyrir árangursríkum lausnum í alþjóðlegum samningaviðræðum um umhverfismál og loftslagsmál.** Árið 2024 verður samþykktur nýr alþjóðlegur samningur um plastmengun og Norðurlönd gegna þar forystuhlutverki. Áhersla verður lögð á aukið norrænt samstarf innan ramma nýs regluverks um líffræðilega fjölbreytni og samstarf um náttúrumiðaðar lausnir



og forvarnir auk baráttu gegn útbreiðslu ágengra tegunda á Norðurlöndum. Auk þess hafa norrænu löndin um árabil átt farsælt samstarf um að draga úr þeirri hættu sem steðjar að mönnum og umhverfinu af völdum kemískra efna á Norðurlöndum, innan ESB og á alþjóðavettvangi, og verður athygli vakin á því.

**Umskipti í samgöngumálum** eru mikilvæg fyrir samkeppnishæf Norðurlönd og til að löndin geti náð markmiðum sínum í loftslags- og umhverfismálum. Því verður áfram lögð áhersla á hagræðingu, rafvæðingu og stafræn umskipti í samgöngum á formennskuárinu. Í [Fredrikstad-yfirlýsingunni](#) frá nóvember 2022 skuldbundu norrænu samgönguráðherrarnir sig til þess að efla samstarf um nýsköpun á sviði tæknilausna sem hafa litla eða enga losun í för með sér. Í samræmi við þetta mun sænska formennskan m.a. beita sér fyrir því að gerðar verði norrænar rannsóknir á skilyrðum fyrir skilvirkri innleiðingu á rafknúnum ökutækjum svo að þau verði órjúfanlegur hluti raforkudreifikerfisins á Norðurlöndum og hvernig Norðurlönd geti stuðlað að sjálfbærum landflutningum til og frá höfnum í því skyni að styðja við þróun grænna siglingaleiða. Þá verður sjónum beint að niðurstöðum verkefna framtíðarsýnarinnar um að flýta fyrir rafvæðingu og sjálfbærum vöruflutningum á Norðurlöndum.

**Byggðapróun í dreifbýli, við strendur og í borgum** er mikilvæg fyrir þróun fyrirtækja og samkeppnishæfni sem og fyrir lífsgæði fólks. Samfélagsþróun síðustu ára hefur leitt til örra breytinga á efnahagslegum, lýðfræðilegum og félagslegum aðstæðum. Nýjar aðgerðir á sviði iðnaðar sem knúnar eru af grænum umskiptum hafa í för með sér bæði tækifæri og áskoranir sem hafa áhrif á allt samfélagið og umhverfið. Mikilvægir þættir eru meðal annars samræming og skipulag innviða, húsnæðisbygginga og framboðs á færni, sem og viðskiptalíf og aðgangur að opinberri þjónustu, heilsugæslu, umönnun og menningu. Með aukinni miðlun reynslu þróum við norræn samfélög til félagslegrar og umverfislegrar sjálfbærni.

**Aukin raforkuframleiðsla sem er óháð jarðefnaeldsneyti** er nauðsynleg þeirri umfangsmiklu rafvæðingu sem er meginþáttur í hinum grænum umskiptum. Á Norðurlöndum er unnið að því að koma á nýrri jarðefnalausri raforkuframleiðslu í formi vindorku, sólarorku og kjarnorku til lands og sjávar. Það er mikilvægt að við nýtum og finnum lausnir sem hafa samverkan á sameiginlegum hagsmunasviðum. Norræna samstarfið á **raforkumarkaði** er einstakt í heiminum. Fyrir utan að raforkusamstarfið er eitt samþættasta svæðisbundna samstarf heims eru Norðurlöndin einnig í forystu á heimvísu þegar kemur að sjálfbærri orku

og loftslagsvænum lausnum. Engu að síður er þörf á því að þróa norrænan raforkumarkað enn fremur, bæði til að draga úr lofslagsáhrifum og til að Evrópa verði síður háð rússneskri jarðefnaorku. Þetta er forgangsmál og verður sérstök áhersla lögð á það undir formennsku Svía.

Til að ná fram framtíðarsýninni um græn Norðurlönd er nauðsynlegt að halda áfram að **stuðla að sjálfbærri og samkeppnishæfri nýtingu náttúruauðlinda og erfðaauðlinda**. Þróun lífgrundaðs iðnaðar og framleiðsla í sjávarútvegi og lagareldi, landbúnaði, matvælaðiðnaði og skógrækt skiptir sköpum fyrir græn umskipti, atvinnuöryggi, fæðuöryggi og viðbúnað, sem og opin svæði og aðlaðandi sveitir. Til að þessi umskipti geti orðið á Norðurlöndum er mikilvægt að atvinnugreinar sem byggja á lífríkinu haldi takti í öru nýsköpunarstarfi sínu. Til að viðhalda þeirri nýsköpun á Norðurlöndum mun starfið snúast í auknum mæli um framkvæmdaverkefni sem snúast um þekkingaraukandi aðgerðir en taka um leið mið af hefðbundnum vinnsluaðferðum í landbúnaði, skógrækt og fiskvinnslu. Á formennskuárinu verður haldið áfram að þróa þverlægar aðgerðir. Áfram verður lögð áhersla á loftslag, kolefnisgeymslu og arðbæra og samkeppnishæfa framleiðslu í landbúnaði til langs tíma. Í samstarfi um fiskveiðar verður aukin áhersla lögð á sjálfbæra vinnslu á sjávarfangi og að greina jákvæð samlegðaráhrif í sambúð lagareldis og annarra hagsmunaaðila í málefnum sjávar. Á sviði skóga eru málefni er varða viðnámsþrótt, viðbúnað, landnýtingu, loftslagsbreytingar og stafræna þróun ofarlega á baugi.



# Samkeppnishæf Norðurlönd



Samkeppnishæfni okkar á alþjóðavísu er ekki aðeins mikilvæg fyrir þróun atvinnulífsins, heldur einnig til að tryggja hagsæld til framtíðar.

Sem svæði tilheyra Norðurlönd þeim stærstu í heimi. Samkeppnishæfni okkar á alþjóðavísu er ekki aðeins mikilvæg fyrir þróun atvinnulífsins, heldur einnig til að tryggja hagsæld til framtíðar. Einn megintilgangur norræns samstarfs er að tryggja betri færni og skapa bestu mögulegu aðstæður fyrir fólk og fyrirtæki til að starfa þvert á landamæri.

Ef löndin okkar eiga að geta tekið þátt í alþjóðlegri samkeppni, þurfum við jafngild hágæða **menntakerfi** með skýra tengingu við þá færni sem krafist er á vinnumarkaði, ekki síst á sviðum náttúruvísinda, tækni, verkfræði og stærðfræði. Því mun STEM-menntun (*Science, Technology, Engineering and Mathematics*) verða áberandi þema í samstarfi um menntun og rannsóknir undir formennsku Svía, sem og mikilvægi norrænna rannsóknainniðnaðs og þverfaglegra rannsókna á sviði norðurskautsmála, heilbrigðismála og velferðarmála.

**Tryggja þarf frekari aðgang að nýskapandi málum og öðrum jarðefnum** sem er forsenda fyrir grænum umskiptum og eflir samkeppnishæfni iðnaðarins og viðbúnaðargetu Norðurlanda. Jarðefni og málmar hafa orðið sífellt mikilvægari í

takt við rafvæðingu samfélaganna. Mögulegt aðgengi norrænu ríkjanna að þeim ýmsu málum sem notaðir eru í nýrri tækni er einstakt á heimsvísu. Það á líka við um getuna til að vinna þessa málma á sjálfbæran hátt og þá ríku hefð að standa vörð um sjálfbærni og mannréttindi. Formennska Svía mun því leggja áherslu á áframhaldandi vinnu á þessu sviði í samstarfi við norrænu nýsköpunarstofnunina Nordic Innovation.

**Þróun norræns lífhagkerfis og sjálfbærra matvællakerfa** er stefnumótandi og felur í sér mikinn virðisauka fyrir norrænt samstarf. Sterkari matvællakeðja, framleiðsla og frekari vinnsla lífrænna hráefna skapa betri skilyrði fyrir fleiri störfum, aukinn viðnámsþrótt og aukinn sjálfbæran hagvöxt sem verður til að efla Norðurlönd í heild. Áskoranirnar í vinnunni við sjálfbærni eru að mestu hnattrænar, en lausnirnar eru fyrst og fremst staðbundnar. Á formennskuári Svía verður lögð áhersla á nauðsyn þess að uppfæra áætlunina um norræna lífhagkerfið. Fæðu- og drykkjarvatnsöryggi verður sett í fókus svo að unnt sé að eiga samtál um lærdóm og hvað skilar árangri og hvernig við á Norðurlöndum getum þróað samstarfið í viðbúnaðarmálum.

**Mismunandi byggingarreglugerðir innan Norðurlandanna** gera fyrirtækjum sem starfa í einu landi erfitt fyrir að veita þjónustu þvert á landamæri. Aukið samstarf á sviði regluverks og þróunar stuðlar að því að draga úr stjórnsýsluhindrunum á svæðinu og auka samkeppnishæfni norræns markaðar. Formennska Svíþjóðar vill því efla samstarfið enn frekar með auknu samráði þar sem við á um innleiðingu nýrra og breyttra ESB-reglna.

Sú háþróaða **stafræna væðing** sem orðin er á sviði er varðar hæfni og aðgengi að netinu á Norðurlöndum og Eystrasaltssvæðinu veitir samkeppnisforskot með miklum möguleikum. Aukin notkun gagna, nýrrar tækni og 5G er nauðsynleg til að nýta tækifærin sem felast í stafrænni væðingu í einkageiranum sem og í heilbrigðis- og félagsþjónustu, jafnframt því sem stuðlað er að grænni, stafrænni umbreytingu.

Traustir stafrænir innviðir eru líka afar mikilvægir í skilvirku samfélagi. Norrænu löndin eru háð alþjóðlegum sæstrengjum til að halda samskiptum við umheiminn og einnig til að **tryggja rafræn samskipti í löndunum**. Heimspólitískar aðstæður hafa aukið mikilvægi alþjóðlegra samskipta fyrir norræna samstarfið, ESB og á alþjóðavettvangi. Norðurlönd liggja vel við siglingaleiðum þvert um Norðurskaut og hafa góða möguleika á að tengja Norðurlönd og ESB við umheiminn. Á

formennskuári Svíþjóðar verður lögð áhersla á þörfina á norrænni samstöðu og samvinnu til að stuðla að áframhaldandi aðgerðum sem miða að því að tryggja umfremd í samskiptaleiðum.

Á formennskuárinu mun Svíþjóð einnig fylgja eftir vinnunni við að draga úr stafrænni útilokun hvað varðar rafræna auðkenningu. Þá verður í framhaldinu, í samstarfi Norðurlanda og Eystrasaltsríkja, hugað að kerfi fyrir norrænu og evrópska stafrænu auðkennisveskin, sem er forsenda öruggar vottunar á einkunnum og búsetuskráningu og því um líku.


Hagnýting hinnar öru tækniþróunar og hinna umfangsmiklu stafrænu umskipta í samfélaginu er lykilatriði fyrir samkeppnishæfni okkar. En þeim fylgja líka áskoranir. Hafa verður í huga þau miklu áhrif, og þar með ábyrgð, sem stóru tæknifyrirtækin hafa í þessari þróun. Formennska Svía mun því halda áfram að leiða saman viðkomandi aðila til umræðna um efnislega og **stafræna innviði** og hvernig við stöndum vörð um trygga, örugga og opna lýðræðislega umræðu.

Sú ákvörðun að hafa sameiginlegan norrænan sýningarskála á heimssýningunni í Osaka (Expo 2025) veitir einstakt tækifæri til að kynna nýskapandi og samkeppnishæf Norðurlönd, sjálfbærar norrænar lausnir og norræn gildi. Á árinu verður aukinn kraftur settur í undirbúning spennandi sýningarskála sem stuðlar að áhrifaríkri kynningu á norrænu löndunum.

Á formennskuárinu verður Nordic Economic Policy Review (NEPR) mikilvægur vettvangur samráðs og mótunar á norrænni sýn á sameiginlegar áskoranir í stefnumótun. Einkum verður lögð áhersla á efnahagsmál á tímum þjóðhagslegrar óvissu.



# Félagslega sjálfbær Norðurlönd



Félagslega sjálfbært samfélag felur einnig í sér að borgararnir séu öruggir og að mótstaða gegn alvarlegum glæpum af ýmsum toga sé sterk.

Til þess að Norðurlönd geti orðið sjálfbærasta og samþættasta svæði í heimi þarf upplifun einstaklinga og fyrirtækja að vera sú að einfalt sé að flytja sig á milli landanna.

Félagslega sjálfbært samfélag felur einnig í sér að borgararnir séu öruggir og **að mótstaða gegn alvarlegum glæpum** af ýmsum toga sé sterk. Formennska Svía mun því beina augum sérstaklega að samstarfi og miðlun þekkingar og reynslu milli norrænu landanna af skipulagðri glæpastarfsemi, bóta- og tryggingasvikum, ofbeldisfullri öfgahyggju og hryðjuverkum og jafnframt flutningi á fullnustu refsinga. Þetta getur t.d. falið í sér málefni er varða spillingu og annan ólöglegan þrýsting aðila og hópa innan skipulagðrar glæpastarfsemi, mansal og forvarnir gegn glæpum sem miða að því að koma í veg fyrir að börn og ungmenni verði dregin inn í gengjaglæpi.

Með því að deila innsýn og reynslu um hvernig koma megi í veg fyrir og bregðast

við alvarlegum glæpum af þessu tagi getur þessi vinna þróast útfrá bestu mögulegu þekkingu. Eitt dæmi er **ólögleg meðhöndlun úrgangs**, þar sem mikill efnahagslegur ávinningur liggur að baki ásamt lítilli hættu á að hún uppgötvist. Lagt er til að fram fari samanburðarrannsókn á forsendum til að koma í veg fyrir og berjast gegn ólöglegri úrgangslösu á Norðurlöndum.

Til að stuðla að sjálfbæru samfélagi á Norðurlöndum er einnig þörf á sambærilegum rannsókn- og menntakerfum, sameiginlegum vinnumarkaði, þróttmiklu menningarlífi, áherslu á tungumálþekkingu og virkni og þátttöku ungs fólks. Borgarasamfélagið er lykilafli í félagslega sjálfbærum Norðurlöndum.

Auk þess munu Svíar leggja áherslu á aðgerðir sem **stuðla að jafnrétti allra íbúa Norðurlanda til góðrar heilsu**, til dæmis með þátttöku í íþrótt- og félagslífi, opinberum frístundakortum, ávísun á líkamsþjálfun og aðgerðir til að ráðast gegn og koma í veg fyrir einmanaleika og einangrun. Haldin verður ráðstefna um málið.

Með **hækkandi aldri íbúanna og brottflutningi af svæðum um öll Norðurlönd fela stafræn þróun og fjarlausnir í sér nýja möguleika** í norræna velferðarlíkaninu. Málefni á borð við stafræna útilokun, aðgengi og þátttöku í hinni stafrænu umbreytingu eru sameiginlegar áskoranir alls staðar á Norðurlöndum sem við þurfum að takast á við í sameiningu.

Sænska formennskan mun vekja athygli á aðgerðum á sviði **fjartengdrar heilbrigðis- og félagsþjónustu**. Svíþjóð mun einnig vinna að því að styrkja norrænt samstarf um viðbúnað í heilbrigðis- og félagsþjónustu.

**Sýklalyfjaónæmi** er alþjóðlegt lýðheilsuvandamál sem vex á ógnvænlegum hraða. Formennska Svía munu vinna að því að efla samstarf á Norðurlöndum á þessu sviði. Ráðstefna verður haldin til að fylgja eftir niðurstöðum vinnunnar um sýklalyfjaónæmi undir formennsku Svía í ESB árið 2023.

Á sviði **vinnumarkaðsmála** verður lögð áhersla á framboð á færni og símenntun kvenna og karla. Markmiðið er að ná betur utan um málaflokkinn í því skyni að auka þekkingu og tryggja aðgengi allra að grænum störfum og menntunartækifærum. Annað forgangsverkefni er efnahagslegt jafnrétti og aðgerðir til að vinna gegn kyngreindum vinnumarkaði.

Í norrænu **samstarfi um aðlögunarmál** verður lögð áhersla á að koma á vinnumarkaði þar sem ljósi verður varpað á norræna þekkingu um viðurkenningu og mat á erlendri færni, stafrænum tækifærum og hvernig barneignir kvenna og

karla af erlendum uppruna hafa áhrif á framgang þeirra á vinnumarkaði.

Samstarf um **rannsóknir, menntun og tungumál** er mikilvægt tæki til að takast á við innlendar og alþjóðlegar áskoranir. Starfstíma DIS-samstarfsnetsins um lýðræði, inngildingu og samstöðu lýkur á formennskuárinu og í tengslum við það verður skipulögð ráðstefna um lýðræði í skólum, með áherslu á gyðingahatur. Formennskuríkið mun einnig beita sér fyrir því að reynsla sé miðlað um hvernig við þróum og styrkjum hágæða menntakerfi sem byggt er á jafnrétti og inngildingu. Niðurstöður PISA-könnunarinnar í stærðfræði og námsárangri verða skoðaðar útfrá norrænu sjónarhorni á formennskuárinu.

Formennska Svía hyggst enn fremur standa að sameiginlegum aðgerðum mennta- og menningargeiranssem miða að því að treysta **Norðurlönd sem lestrarsvæði**. Vinnan við endurskoðun yfirlýsingarinnar um norræna tungumálastefnu er á lokastigi og stefnt er að því að ný norræn tungumálayfirlýsing líti dagsins ljós á formennskuárinu.

### **Menning er einn af hornsteinum þess sem tengir norrænu löndin saman.**

Inngildandi norrænt menningarlíf eflir lýðræði, margbreytileika og lífsgæði. Norrænu ríkin og menningarsamstarf þeirra hefur staðið frammi fyrir sömu áskorunum vegna heimsfaraldurs og alvarlegrar stöðu í öryggismálum á undanfórnum árum. Formennskuríkið Svíþjóð hyggst því leggja sitt af mörkum til umræðu og miðlunar reynslu um viðbúnað í menningar- og fjölmiðlageiranum, t.d. að því er varðar möguleikana á því að **efla verndun menningararfleifðar á krepputímum eða í stríði**.

Norræna ráðherranefndin hefur lengi átt samstarf við **Eystrasaltsríkin**. Miklir möguleikar felast í aukinni samvinnu meðal annars á sviði menntunar og rannsókna, menningar, viðbúnaðar í heilbrigðisgeira, lyfjasamstarfs, samnýtingar heilbrigðisgagna og stafrænnar þróunar yfirvalda almennt, þekkingastarfs um hækkandi aldurssamsetningu og heilabilun, sjálfbærni almannatrygginga og starfsemi hagskýrslunefnda, netöryggis og vinnutengdra afbrota. Á formennskuári Svía verða möguleikarnir á öflugra samstarfi Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna kannaðir nánar.

Norðurlönd verða að tryggja betur **framleiðslu bóluefnis** sem hluta af almannavörnum. Undir formennsku Svíþjóðar verður haldið áfram að finna árangursríkustu leiðina fyrir norrænt samstarf um þróun og framleiðslu bóluefna á grundvelli kortlagningar sem fór fram á getu og möguleikum Norðurlanda á



Þessu sviði.


Hvað varðar jafnréttismál og málefni hinsegin fólks verður lögð áhersla á **norraent starf gegn heiðurstengdu ofbeldi og kúgun**. Stefnumótandi markmið til langs tíma er að efla og þróa hið norræna starf, meðal annars með aukinni þekkingu á því hvernig norrænu ríkin og sjálfstjórnarsvæðin nálgast sæmdartengt ofbeldi og kúgun, þar á meðal hvað varðar hinsegin fólk.

Undir formennsku Svía mun hin norræna rödd gegn vaxandi andstöðu við jafnréttismál **og réttindi hinsegin fólks** halda áfram að vera áberandi á alþjóðlegum vettvangi.

# Framtíðarsýn okkar 2030

## Samkeppnishæf Norðurlönd

Saman ætlum við að efla grænan hagvöxt á Norðurlöndum, byggðan á þekkingu, nýsköpun, hreyfanleika og stafrænni samþættingu.



**Norðurlönd eiga  
að verða  
sjálfbærasta og  
samþættasta  
svæði heims**

## Græn Norðurlönd

Saman ætlum við að greiða fyrir grænum umskiptum í samfélögum okkar og vinna að kolefnishlutleysi og sjálfbæru hringrásarhagkerfi og lífhagkerfi.

## Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Saman ætlum við að efla samfelld svæði án aðgreiningar þar sem jafnrétti ríkir og sem byggist á sameiginlegum gildum og enn öflugri menningarsamskiptum og velferð.

# Um ritið

## Öruggari, grænni og frjálsari Norðurlönd

PolitikNord 2023:732

ISBN 978-92-893-7689-1 PDF

ISBN 978-92-893-7690-7 ONLINE

<http://dx.doi.org/10.6027/politiknord2023-732>

© Norræna ráðherranefndin 2023

Útgefið: 31.10.2023

Ljósmynd á forsíðu: Per-Pixel Petersson/[imagebank.sweden.se](http://imagebank.sweden.se)

Ljósmyndir á öðrum síðum: [imagebank.sweden.se](http://imagebank.sweden.se)

Inngangur: Emelie Asplund, Cecilia Larsson Lantz, Simon Paulin

Samþætt Norðurlönd án stjórnsýsluhindrana: Maskot, Faramarz Gosheh, Tina Axelsson

Græn Norðurlönd: Asaf Kliger, Sofia Sabel, Henrik Trygg

Samkeppnishæf Norðurlönd: Plattform, Jann Lipka, Jan-Olof Yxell

Félagslega sjálfbær Norðurlönd: Scandinav, City of Stockholm, Melker Dahlstrand

### Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðissamstarf í heimi. Samstarfið byggist á legu landanna, sameiginlegri sögu þeirra og menningu. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og lætur muna um sig í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin stuðla sameiginlega að öflugum Norðurlöndum í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er hagsmuna svæðisins gætt og norræn gildi eflað í hnattrænu samhengi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus

Ved Stranden 18

DK-1061 Kaupmannahöfn

[www.norden.org](http://www.norden.org)

Lesi fleiri norræn rit: [www.norden.org/is/utgafur](http://www.norden.org/is/utgafur)